

Fundargerð Skólanefndar 10.04.2018

Mætt; Sigurgeir Höskuldsson formaður, Ingibjörg Sigurjónsdóttir varamaður, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, Hjálmar Bogi Hafliðason, Birgitta Bjarney Svavarsdóttir, Arna Ásgeirsdóttir, Ruth Þórarinsdóttir, Halldór Jón Gíslason, Herdís Sigurðardóttir og Valdimar Stefánsson.

Dagskrá fundar

1. Rekstur skólans
2. Staða skólameistara
3. Þróunarverkefni FSH, FL og ÞÞ
4. Breyting á skólasóknarreglum
5. Námskrármál
6. Skóladagatal
7. Önnur mál

Fundur settur af formanni.

1. **Rekstur skólans.** Herdís fer yfir rekstur skólans og rekstraráætlun.
 - a. Ekki búið að loka árinu 2017 hjá fjársýslu ríkisins og þess vegna eru einhverjar skekkjur á rekstraryfirliti.
 - b. Herdís segir frá vandamálum við innleiðingu greiðsluþjónustu fjársýslu ríkisins. Reikningar Framhaldsskólans á Húsavík voru ekki greiddir á réttum tíma vegna mistaka við aðgang fjármálastjóra skólans. Fjársýslan gekkst við mistökunum og hafði samband við birgja til að leiðrétta reikninga og ganga frá greiðslu.
2. **Staða skólameistara.** Herdís skýrir skólanefnd frá skipan Valgerðar Gunnarsdóttur í embætti skólameistara við Framhaldsskólann á Húsavík.
 - a. Herdís óskaði eftir upplýsingum um hvernig stæði á skipan í stöðu skólameistara við Framhaldsskólann á Húsavík frá ráðuneytinu þann 1. mars sl.. Þann 26. Mars hringdi tengiliður FSH hjá mrn í Herdís og tilkynnti henni að búið væri að ákveða að skipa Valgerði Gunnarsdóttur skólameistara frá 1. ágúst 2018, án auglýsingar og án þess að skólanefnd væri höfð með í ráðum.
 - b. Skólanefnd hefur ekki fengið neina formlega tilkynningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um skipan skólameistara. Einungis fengið upplýsingar frá Herdís og Valgerði.
 - c. Hjálmar Bogi Hafliðason hefur sett sig í samband við mennta- og menningarmálaráðherra þar sem hann óskaði skýringa á vinnubrögðum ráðuneytisins við skipan skólameistara fyrir hönd skólanefndar. Hjálmar fékk þau svör að ráðuneytið harmaði vinnubrögð ráðuneytisins í þessu máli. Málið væri nú til skoðunar innan ráðuneytisins.
 - d. Skólanefnd samþykkir að senda frá sér yfirlýsingu þess efnis að nefndin lýsi yfir furðu með vinnubrögð ráðuneytisins í þessu ferli öllu.
3. **Þróunarverkefni FSH, FL og ÞÞ.** Herdís kynnir niðurstöður þróunarverkefnis FSH, FL og ÞÞ.
 - a. Meginniðurstöður verkefnisins eru þær að skólarnir verði áfram reknir sem sjálfstæðar einingar.
 - b. Mögulegt að samnýta mannauð á einhvern hátt, t.d. þegar um litlar stöður er að ræða eins og dönskukennslu.
 - c. Kostnaður á hvern nemanda. Ef til þess kæmi að skólarnir yrðu lagðir niður þá yrði enginn sparnaður í því að flytja nemendur annað. Nema þá í húsaleigu, sem er ekki gefið þar sem húsnæðið er í eigu ríkisins.

- d. Herdís kom því á framfæri að það væri mikilvægt að ráðuneytið sýndi litlum skólum stuðning í stað þess að tortryggja það starf sem þar færi fram.
- e. Samstarf FSH og FL um félagslíf skólanna hefur gengið vel. Heimsóknir nemenda í skólana og þátttaka í leikriti. Verkefni í þróun.
- f. Skólanefndir skólanna áætla að hittast á næsta skólaári og taka virkari þátt í félagslífi nemenda.

4. Breyting á skólasóknarreglum

- a. Skólafundur sem haldinn var 20.mars síðastliðinn fjallaði um nýjar skólasóknarreglur skólasóknarreglum.
- b. Herdís fer yfir niðurstöðu þess fundar og breytingar sem gerðar voru á skólasóknarreglum í kjölfarið.
 - i. Önn skipt upp í 3-4 vikna tímabil.
 - ii. Miðað við 90% heildarmætingu að teknu tilliti til veikinda og leyfa á hverju tímabili.
 - iii. Hægt að vísa málum til skólaráðs sem úrskurðar um ástæður fjarvista.
 - iv. Nemendur með 98% í raunmætingu fá einingu sem umbun.
- c. Skólanefnd lýsir ánægju sinni með breytingarnar.

5. Námskrárvinna.

- a. Verið að vinna að tilfærslu innan áfanga í íslensku, ensku og stærðfræði. Tilfærslan kemur til vegna samfelli grunn- og framhaldsskóla. Fyrstu áfangar voru að einhverju leiti endurtekningar.
 - i. Félagsfræði og líffræði koma inn í sameiginlegan kjarna brauta.
 - ii. Yfirfara þarf þrepaskiptingu áfanga.

6. Skóladagatal.

- a. Farið yfir skóladagatal 2018-2019.

7. Önnur mál.

- a. **Ráðningar.** Farið yfir þær stöður sem búið er að auglýsa fyrir næsta vetur. Skólanefnd mun koma með beinum hætti að þeim ráðningum.